

Umsögn um áform um lagasetningu - breyting á áfengislögum

Mál nr. 296/2019 Birt: 29.11.2019 á Samráðsgátt

#Aðalsteinn Gunnarsson

Áformað er að leggja fram frumvarp til breytinga á áfengislögum. Dómsmálaráðherra Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir hefur farið offari við kynningar á hugmyndum sínum og ekki alltaf haft rétt við. Markmið hennar er að afhenda aukið frelsi til áfengisiðnaðarins. Frelsi sem sífellt er verið að taka frá einstaklingum til að taka lýðheilsumiðaðar ákvarðanir án þrýstings þeirra sem hagnast af sölu áfengis. Hér þarf virkilega að vekja athygli á því að samfélagið vill ekki aukna neyslu áfengis eða annara vímuefna samkvæmt skoðunarkönnunum og þeim lýðheilsuáhrifum sem við höfum samþykkt hér heima og á alþjóðavettvangi.

Umrædd hugmynd felur m.a. í sér tvær undanþágur á einokun ÁTVR á smásölu áfengis. Annars vegar til þess að heimila innlenda vefverslun með áfengi til neytenda í smásölu og hins vegar heimila framleiðendum áfengis að selja áfengi til neytenda. Áformin fjalla um breytingar á áfengislögum nr. 75/1998 og lögum nr. 86/2011 um verslun með áfengi og tóbak. Í dag hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einokun á smásölu áfengis til neytenda. Þetta fyrirkomulag kom á sínum tíma til af illri nauðsyn til að draga úr neikvæðum afleiðingum áfengisneyslu og auka lýðheilsu í samfélaginu. Reynslan af núverandi fyrirkomulagi er góð. Önnur ríki heims líta til okkar sem fyrirmynd og hafa nokkur ríki tekið upp okkar forvarnastefnu sem byggir í grunnin á sterkum lögum. Mikilvægt er að einkasala ríkisins haldist því að áfengi er engin venjuleg neysluvara. Árið 1995 var einkaréttur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til innflutnings á áfengi afnuminn. Í þeirri lagabreytingu var ekki lokað fyrir að almenningur gæti flutt áfengi til landsins, þó að til einkaneyslu væri. Þessi hvati áfengisiðnaðarins hefur ýtt undir meiri neyslu. Eðlilegt er að þessi breyting verði afturkölluð til að fjarlægja ágóðahvata áfengisiðnaðarins, í það minnsta að setja ákvæði um að almenningur geti ekki flutt inn því hér er um einstakt eitur að ræða.

Áformað er að heimilað verði að starfrækja innlenda vefverslun með áfengi í smásölu til neytenda. Allar rannsóknir sýna að aukið aðgengi ýtir undir aukna neyslu. Í umræðunni er talað um að breytingin sé til að mæta sívaxandi kröfum neytenda um aukið valfrelsi. Meirihluti þjóðarinnar vill óbreytt áfengislög og ekki má gleyma að áfengisiðnaðurinn beitir ógeðfelldum aðferðum til að telja almenningi trú um þörfina fyrir vímuefni og ýtir undir meiri neyslu. Rætt hefur verið um nauðsyn þess að jafna stöðu innlendrar verslunar við þá erlendu með skírskotun til jafnræðis. Slíkt fæst ekki staðist og sannast það með dómum sem fallið hafa hjá Evrópusambandinu. Það má hafa lög um einkasölu ÁTVR á Íslandi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að mæta kröfum minni áfengisframleiðanda, sérstaklega á landsbyggðinni, um að heimilt verði að selja áfengi í smásölu til neytenda. Aukið frelsi áfengisiðnaðarins til að markaðssetja áfengi eykur neyslu. Smásala á að vera í höndum ÁTVR til að draga sem mest úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Hagnaðarhvati framleiðanda er gríðarlegur og ýtir margfalt undir aukna neyslu. Gildandi lög og reglur heimila ekki innlenda vefverslun með

áfengi til smásölu, sem og smásölu áfengis beint frá framleiðanda til neytenda. Góð og gild rök eru fyrir einokunarsölu ríkisins í dag. Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Ólöglegt er í dag að reka áfengisverslun með gróðahvata. Það er stefna hins opinbera að vernda samfélagið fyrir skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna og draga úr neikvæðum afleiðingum neyslunnar. Börn og ungmenni eru útsett fyrir markaðssetningu, neyslu foreldra og fullorðinna. Einkasala ríkisins skiptir hér gríðarlegu máli. Stefna hins opinbera í að styðja við öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, sérstaklega á landsbyggðinni má ekki bitna á þjóðinni með auknum neikvæðum áhrifum áfengisneyslu eins og heilbrigðisvanda, löggæslukostnaði osfrv. Áfengi er engin venjuleg neysluvara. Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur Dómsmálaráðherra er tíðrætt um að draga úr kolefnisfótspori Íslands sem er hluti af neikvæðum áhrifum áfengisíðnaðarins. Áfengisíðnaðurinn hindrar miklu meira og kemur í veg fyrir að við náum 14 af heimsmarkmiðunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030. Áríðandi er að komi fram að okkar lög á Íslandi ná lengra en reglugerðir og samþykktir Evrópusambandsins. Áfengislögin eru til þess fallin að auka öryggi og lýðheilsu. ÁTVR með einkasölu hefur verndandi þætti og kemur að hluta í veg fyrir hagnaðardrífna markaðssetningu áfengis. Hagnaðardrifin áfengissala á ekki rétt á sér. Það er galið er að halda því fram að áform um þessar lagabreytingar séu ekki andstæð lýðheilsusjónarmiðum hins opinbera. Hér er ekki bara verið að tala um einhverjar smábreytingar heldur er verið að brjóta niður forvarnir. Hagnaðardrifin sala eykur neyslu og eykur þrýsting margfalt meiri hjá þeim sem eiga hagnaðarvon með áfengissölu. Allir sjá að þessar tillögur fara gegn stefnu hins opinbera í vímuefnamálum. Ástæða er til að standa vörð um lög og reglur sem halda uppi góðum forvörnum í landinu. Allar tilslakanir á sterkum forvarnalögum eru til þess fallnar að veikja varnir okkar fyrir heilbrigðum lífshætti. Fyrirhuguð tillaga að lagabreytingu er ekki í samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt eða aðrar grundvallarspurningar. Áformin ganga út á að fela áfengisíðnaðinum meira frelsi til að markaðssetja ólýðheilsuvæna vöru á kostnað almennings og gengur það gegn stjórnarskrárvörðu frelsi einstaklings til að vera laus undan þrýstingi áfengisíðnaðarins. Samfélagið á ekki að afhenda frelsi sitt til ítrustu og þröngra hagsmuna áfengisíðnaðarins. Áformin ganga gegn þjóðréttarskuldbindingum eins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem ítrekar að börn og ungmenni eigi að vera laus undan þrýstingi áfengisíðnaðarins. Áformin varða jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar þar sem áfengisíðnaðurinn ýtir undir neikvæðar ímyndir kvenfólks og hlutgerir þær. Lýðheilsusjónarmið, Barnasáttmáli og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ná lengra en hagsmunir áfengisíðnaðarins. Hvað varðar ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu, þarf engu að breyta því að okkar sérákvæði í íslenskum lögum ná lengra og standast fullkomlega skoðun samanber dóma Evrópusambandsins. Taka þarf tillit til grundvallarlöggjafar sem tengjast löggæslu, heilbrigðisstefnu, barnavernd, menntun og fleiru því sannarlega hefur áfengisneysla

neikvæð áhrif á svo marga þætti samfélagsins. Mikilvægt er að þegar talað er um breytingar á lögum um áfengi eða önnur vímuefni hefur það áhrif á flest svið mannlífs í landinu.

Nauðsynlegt er að kalla til þá sem vinna við forvarnir og meðferð því þar er mikil þekking á málaflokknum. Áform Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur Dómsmálaráðherra um breytingar á áfengislögum hafa áhrif á stjórn málaefni allra ráðuneyta, tapaðar tekjur á einkasölu, aukin útgjöld í heilbrigðisþjónustu, dómgæslu, löggæslu, fangelsismál, umhverfismál ofl. Allir sjá að undirbúningur hefur verið fátæklegur, byggður á ítrustu hagsmunum áfengisiðnaðarins og sneitt hjá þeim sem vinna í forvörnum og meðferð. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Dómsmálaráðherra reiknar með aukinni sölu og aukinni neyslu áfengis en talar ekkert um kostnað vegna neikvæðra afleiðinga. Aukin neysla þýðir aukinn kostnaður. Kostaður vegna áfengisneyslu er alltaf margfalt meiri en innkoman. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir

Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að horfa gersamlega fram hjá ótrúlega miklum útgjöldum hjá sínu embætti sínu sem eru tengd neyslu áfengis s.s. löggæslu, fangelsismálum og dómgæslu. Hún þarf líka að skoða önnur ráðuneyti en áfengisneysla snertir þau líka verulega. Núverandi kerfi er öruggara. Það er óásættanleg og óréttlæt看legt að gera svona tilraunir bara til að tryggja að áfengisiðnaðurinn hagnist. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir Dómsmálaráðherra segist ekki sjá að frumvarpið kunni að hafa aukin útgjöld í för með sér fyrir ríkissjóð. Slíkt er fjarstæða. Allir vita að aukin neysla kallar á gríðarleg útgjöld sem myndu hækka úr 120 milljörðum á ári. Ljóst er að breytingin yrði gríðarleg ef einkasala ríkisins er tekin út og áfengissala góðavædd. Með þessum áformum er ýtt undir greinarmun á kynjum því áfengisiðnaðurinn hefur í langan tíma haft áhrif á jafnrétti og stöðu kynjanna. Áfengi hefur alltaf áhrif á konur umfram karla og kemur við sögu í langsamlega flestum ofbeldisbrotum. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir Dómsmálaráðherra segir áformin til þess fallin að styrkja verslun og þjónustu á landsbyggðinni. Staðreyndir er að áformin veikja lýðheilsu og draga verulega úr séríslenskum sérkennum Íslands og Íslendinga. Stjórnvöld hafa samþykkt að unnið verði að því að Ísland verði heilbrigðasta land í heimi fyrir árið 2030. Neysla áfengis hefur áhrif á íþróttir, starf frjálsra félagasamtaka og samfélagið allt. Þegar fjallað er um lýðheilsu hafa allar tilslakanir á lögum um áfengi eða önnur vímuefni haft gríðarlega neikvæð áhrif á neikvæðar afleiðingar neyslu. Ekki er réttlæt看legt að taka áhættu með þessari tilraunastarfsemi sem er sérsniðin fyrir áfengisiðnaðinn. Áfengi hefur neikvæð áhrif á *menntun, nýsköpun og á stöðu tiltekinnna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar því veikari hópar eru alltaf útsettir fyrir neikvæðum áhrifum áfengisneyslunnar. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir Dómsmálaráðherra segir að ekki þurfi mikið til samráðs, undirbúnings eða aðlögunar breytinga á áfengislögunum. Allir sem núna í dag koma að neikvæðum afleiðingum áfengisneyslunnar eru fjársveltir og illa í stakk búnir til að takast á við breytingarnar. Það að auka fjármagn til fræðsluforvarna yrði aldrei nóg til að mæta þeim skaða að taka niður lög um*

forvarnir. Mikilvægt er að setja forvarnir í forgang, koma í veg fyrir svona áhættusama tilraunastarfsemi.